

**Ed.**

**193. Frumvarp til laga**

**[97. mál]**

um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

**1. gr.**

Nú hefur verkamaður eða verkakona, sem fær laun sín greidd í tíma- eða vikukaupi, unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár eða lengur, og ber honum þá eins mánaðar uppsagnarfrestur frá störfum.

Tíma- eða vikukaupsmaður telst hafa unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár, ef hann hefur unnið hjá honum samtals a. m. k. 1800 klukkustundir á síðustu 12 mánuðum, þar af a. m. k. 150 stundir síðasta mánuðinn fyrir uppsögn. Jafngildar unnum klukkustundum teljast í þessu sambandi fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla og verkþanna, allt að 8 klst. fyrir hvern fjarvistardag.

Launþega, sem rétt á til uppsagnarfrests samkvæmt þessari grein, skal skylt að tilkynna með eins mánaðar fyrirvara, ef hann óskar að hætta störfum hjá atvinnurekanda sínum.

Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðamót.

**2. gr.**

Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skípaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega

sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 150 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir.

### 3. gr.

Fastir starfsmenn og tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga á uppsagnarfresti samkvæmt 1. gr. laga þessara, skulu eigi missa neins í af launum sínum í hverju, sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa.

### 4. gr.

Nú vill launþegi neyta réttar síns samkvæmt 1. og 3. grein, og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið, er sýni, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

### 5. gr.

Ákvæði laga þessara hagma ekki samningum milli samtaka atvinnurekanda og launþega um greiðslu atvinnurekanda á sjúkrapeningum til starfsmanna sinna, hvort sem þeir eru greiddir til styrktarsjóða, stéttarféлага eða beint til þeirra sjálfra.

### 6. gr.

Ákvæði samnings milli atvinnurekanda og launþega, sem brjóta í bág við lög þessi, eru ógild, ef þau rýra rétt launþegans.

Haldast skulu þau réttindi, sem veitt eru með sérstökum lögum, samningum eða leiðir af venju í einstökum starfsgreinum, ef þau eru launþega hagstæðari en ákvæði þessara laga.

### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi 86. gr. laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það hefur um langt skeið verið áhugamál verkalýðsfélaganna að fá viðurkenndan nokkurn uppsagnarfrest handa þeim launþegum, sem unnið hafa um lengri tíma hjá sama atvinnurekanda, en fengið hafa laun sín greidd í venjulegu tíma- eða vikukaupi. Fastir starfsmenn, sem fá laun sín greidd mánaðarlega, hafa slíkan uppsagnarfrest samkvæmt sérstökum samningum eða samkvæmt almennri viðskiptavenju, frá einum og upp í þriggja mánaða uppsagnarfrest, en stundum jafnvel lengri frest. Það sýnist ekki skipta öllu máli, hvort launþeginn fær laun sín greidd mánaðarlega eða hvort launin eru greidd vikulega eins og tíðkast um laun tíma- eða vikukaupsmanna. Samband atvinnurekanda og launþega skiptir hins vegar mestu máli. Þegar samband þeirra er varanlegt árið út eða lengri tíma, virðist eðlilegt, að launþeginn eigi rétt á nokkrum fyrirvara, ef atvinnurekandinn vill segja honum upp starfi. Sama máli gegnir um atvinnurekandann. Eðlilegt virðist, að hann fái vitneskju um það með nokkrum fyrirvara, ef slíkur launþegi óskar að láta af störfum hjá honum. Þegar slíkt varanlegt samband hefur skapazt milli atvinnurekanda og launþega, gefur það sjálfkrafa þá von, að það muni vara áfram, nema sérstakar ástæður komi til. Hvor aðila um sig mun því jafnan vera illa undir það búinn, að samband þeirra rofni fyrirvaralaust. Það þykir því eigi óeðlilegt að lögfesta gagnkvæman uppsagnarfrest í þeim tilfellum, þegar samband atvinnurekanda og launþega er svo varanlegt, að það sé órofið heilt ár eða meira.

Þá þykir eðlilegt, að þeim launþegum, sem þannig væri tryggður nokkur uppsagnarfrestur með lögum, bæri sams konar réttur til launa vegna sjúkdóma og slysa eins og föstum starfsmönnum ber nú samkvæmt 86. gr. laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Í 1. mgr. er launþega, sem fær laun sín greidd í tíma- eða vikukaupi, veittur réttur til eins mánaðar uppsagnarfrests frá störfum, ef hann hefur unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár eða lengur. Í 3. mgr. er atvinnurekanda veittur sami réttur til uppsagnar, ef launþegi óskar að hætta störfum hjá honum.

Þá er í 2. mgr. ákvæði, sem kveður svo á, að tíma- eða vikukaupsmaður teljist hafa unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár, ef hann hefur unnið hjá honum samtals a. m. k. 1800 klukkustundir á síðustu 12 mánuðum, þar af a. m. k. 150 stundir síðasta mánuðinn fyrir uppsögn. Þetta svarar til  $\frac{3}{4}$  hluta af fullri dagvinnu. Hér á landi er atvinna oft mjög háð veðurfari og árstíðum, svo að telja má, að 1800 vinnustundir á ári geti víða talizt full vinna. Ákvæðið um 150 vinnustundir síðasta mánuðinn tryggir það, að samband atvinnurekanda og launþega sé órofið, þegar byggja á rétt á ákvæðunum um uppsagnarfrest.

#### Um 2. gr.

Til þess að koma í veg fyrir ástæðulausar uppsagnir af hálfu atvinnurekanda, er svo fyrir mælt í grein þessari, að atvinnurekanda beri ekki að greiða launþega laun, þó að hann missi fyrirvaralaust vinnu hjá honum, þegar svo er ástatt, að vinna fellur niður af eðlilegum ástæðum. Er svo fyrir mælt í greininni, að launþegi missi þá heldur ekki uppsagnarrétt sinn, meðan slíkt ástand varir.

Í greininni eru nokkur dæmi nefnd þess, að vinna falli niður af eðlilegum ástæðum. Þessi dæmi eru ekki tæmandi, en aðeins leiðbeinandi. Önnur tilvik en þau, sem nefnd eru, koma því til greina. Mætti t. d. nefna, ef vinna fellur niður vegna veðurs, verkfalla eða verkþanna.

#### Um 3. gr.

Efni þessarar greinar er í aðalatriðum eins og efni 86. gr. almannatryggingalaganna, en þessi grein er þó viðtækari. Auk fastra starfsmanna, sem 86. gr. almannatryggingalaganna tekur aðeins til, er hér lagt til, að ákvæðið gildi einnig um þá tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga til uppsagnar samkvæmt 1. gr. frv.

Fellt er niður úr þessari grein ákvæði 86. gr. almannatryggingalaganna um það, að launþegi skuli njóta kaupgreiðslu um lengri tíma, ef svo er mælt fyrir í sérstökum lögum, samningum eða slíkt leiðir af venju í þeirri starfsgrein. Þetta ákvæði er almenns eðlis, sem telja má eðlilegt, að einnig gildi um önnur þau réttindi, sem ætlað er að veita með frumvarpi þessu. Ákvæðið er því tekið upp í 6. gr. frv.

#### Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

#### Um 5. gr.

Þegar verulegum hluta tíma- og vikukaupsmanna er veittur réttur til launa vegna sjúkdóma og slysa eins og föstum starfsmönnum, kynni að þykja eðlilegt, að niður félli greiðsla sjúkrapeninga til þeirra, sem þeim hefur verið tryggt með kjarasamningum. Hins vegar verður á það að líta, að launþegar hafa yfirleitt vanizt því að skoða slíkar sjúkrapeningagreiðslur sem hluta af launagreiðslum sínum, svo að afnám umræddra sjúkrapeningagreiðslna hefði sömu áhrif fyrir þá og bein launalækkun.

#### Um 6. gr.

Það er venjulegt ákvæði varðandi viðskipti launþega og atvinnurekanda, að ákvæði í samningum milli þessara aðila, sem veita launþega minni rétt en lög gera ráð fyrir, skuli ógild vera, sbr. t. d. hjúalög nr. 22 7. maí 1928, 1. gr. Það er einnig venjulegt, að ákvæði, sem hagstæðari eru launþegum, haldi gildi sínu, og því er hér upp tekið efni 86. gr. almannatryggingalaganna hér að lútandi.

#### Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.